

Sparnaðarlíftrygging

Ársyfirlit 2024

Meðfylgjandi er samantekt um verðbréfamarkaði og nokkrar efnahagsbreytur síðasta árs og horfur á árinu 2025.

Vísitala neysluverðs og verðbólga

Verðbólga m.v. vísitölu neysluverðs (VNV) var þrálát framan af ári en lækkaði töluvert seinni hluta ársins 2024 og endaði í 4,8%. Verðbólga m.v. vísitölu neysluverðs án húsnæðis var á sama tíma 2,7%.

Helstu óvissuþættir varðandi verðbólguhorfur eru gerð kjarasamninga fyrir hluta opinberra starfsmanna og að gengi krónu verði stöðugt.

Stýrivextir

Seðlabankinn hóf vaxtalækkunarferlið síðar en búist var við vegna verðbólgu. Fyrstu níu mánuði ársins héldust stýrivextir óbreyttir en voru svo lækkaðir úr 9,25% í 8,5% í vaxtaákvörðunum í október og nóvember.

Útlit er fyrir að stýrivextir haldi áfram að lækka á árinu 2025 og gera spár ráð fyrir að vextir lækki um 1-2% á árinu.

Gengi íslensku krónunnar

Gengi íslensku krónunnar var nokkuð stöðugt á árinu. Krónan styrktist um 4,8% gagnvart evru, en veiktist gagnvart dollar um tæp 2%.

Innlendur skuldabréfamarkaður

Skuldabréfamarkaðurinn fór ágætlega af stað í byrjun árs en síðan fór að halla undan fæti þegar verðbólga var umfram spár og væntingar um lækkun stýrivaxta minnkuðu. Líf færðist yfir markaðinn á síðari hluta ársins sem skýrist að stærstum hluta vegna lækkunar verðbólgu og stýrivaxta.

Breytingar á ávöxtunarkröfu óverðtryggðra ríkisskuldabréf voru litlar milli ára þó að hreyfingar hafi verið töluverðar innan ársins. Hækkun raunvaxta hafði áhrif á verðtryggð skuldabréf, sér í lagi stystu skuldabréfin sem hækkðu töluvert í kröfu.

Óverðtryggð skuldabréf gáfu almennt betri ávöxtun en verðtryggð skuldabréf en munurinn var lítill. Ávöxtun óverðtryggðu vísitölu kauphallarinnar (NOMXINOM) var 7,4% og ávöxtun verðtryggðu vísitölunnar (NOMXIREAL) var 7,14%.

Innlend hlutabréf

Hlutabréfamarkaður var sveiflukenndur á árinu 2024, markaðurinn fór ágætlega af stað í byrjun árs en fór síðan í dvala þrátt fyrir að verðkennitölur flestra félaga hafi verið hagfelldar. Verðbólga var umfram spár framan af ári sem hafði það í för með að Seðlabankinn var lengur að fara í vaxtalækkunargírinn eftir 14 vaxtahækkunarir í röð.

Mikið líf færðist í markaðinn á síðari hluta ársins m.a. vegna yfirtöku JBT á Marel sem hafði jákvæð áhrif á markaðinn, en félagið verður með tvíhliða skráningu.

Úrvalsvísitalan (OMXI15GI) hækkaði um 15,9% en sú hækkun skilaði sér nær öll á síðustu þremur mánuðunum ársins. Hlutabréfavísitala aðallista Kaupahallar Íslands (OMXIGI) sem mælir gengi allra skráðra félaga hækkaði um 14,7%.

Erlendir hlutabréfamarkaðir

Árið 2024 var ágætis gangur á flestum af stærstum hlutabréfamörkum heimsins.

Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI), sem mælir gengi rúmlega 1.600 hlutabréfa í heiminum, hækkaði um 18,7% á árinu, mælt í USD og 20,4% í ísl. krónum.

Líkt og í fyrra var ávöxtun drifin áfram af bandarísku tæknifyrirtækjum (e. The Magnificent Seven; Apple, Alphabet, Tesla, Nvidia, Meta, Microsoft og Amazon). S&P 500 vísitalan sem mælir gengi 500 stærstu hlutafélaga í Bandaríkjunum hækkaði um 24,5% á árinu mælt í USD og 26,3% í ísl. krónum.

Stærstu hagkerfin í Evrópu hafa erfitt uppdráttar. Þetta sést með skýrum hætti þegar þróun hlutabréfaverðs er skoðuð á milli þessara tveggja svæða, þ.e. Bandaríkjanna og Evrópu. MSCI Europe hlutabréfavísitalan sem mælir gengi rúmlega 400 hlutafélaga í Evrópu hækkaði einungis um 8,59%, mælt í EUR og um 8% mælt í ísl. krónum.

Erlendir skuldabréfamarkaðir

Áhugi fjárfesta á erlendum skuldabréfum vaknaði á árinu þegar verðbólga og stýrivextir fóru að lækka í Bandaríkjunum, Evrópu og fleiri löndum sem skilaði sér í hærra gengi skuldabréfa.

Á síðari hluta ársins minnkaði bjartsýni um frekari vaxtalækkanir og einnig voru vísbendingar um að verðbólga væri á uppleið. Ávöxtunarkröfur á skuldabréfum hækkuðu sem skiluðu sér í lægra gengi skuldabréfa.

Horfur á árinu 2025

Áhugi fjárfesta hefur aukist mikið á innlendum hlutabréfum síðastliðna mánuði í kjölfar lægri verðbólgu og lækkun vaxta. Væntingar um lægra vaxtastig hefur jákvæð áhrif á félög í kauphöllinni og eykur áhuga fjárfesta á áhættumeiri eignum. Óvissan í kringum verðbólgu og vaxtaþróun er að minnka en áfram er óvissa með ríkisfjármálin og hvort ný ríkisstjórn hækki skatta þar með talin gjöld á sjávarútveg og ferðaþjónustu og hækkun fjármagnstekjuskatts eins og hefur verið í umræðunni.

Erlendis er ákveðinn biðleikur og óvissa með samspil verðbólgu og langtímavaxta sem gæti haft áhrif á þróun hlutabréfa- og skuldabréfaverðs.

Kjör Donald J. Trump í Bandaríkjunum hefur aukið óvissu í alþjóðaviðskiptum þar sem tollayfirlýsingar hans hafa haft neikvæð áhrif.

Horfur fyrir innlend skuldabréf á árinu 2025 eru ágætar en spár gera ráð fyrir því að verðbólga komi nokkuð hratt niður á árinu og verði hún 3,1% -3,7% í lok árs.

Erlendir sjóðir

Ávöxtun er í höndum Henderson Global Investors.

Evrópusjóður

Meðalársávöxtun

Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	4,94%	0,18%
24 mánuðir	11,09%	4,57%
48 mánuðir	6,64%	-0,13%

Fjárfestingastefna

	Lágmark	Hámark
Evrópsk hlutabréf	55%	95%
Evrópsk smáfyrirtæki	5%	45%

Markmið

Fjárfesta í stórum sem smáum evrópskum fyrirtækjum og ná fram stöðugri ávöxtun með áhættudreifingu.

Skuldabréfasjóður

Meðalársávöxtun

Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	0,96%	-3,62%
24 mánuðir	4,69%	-1,46%
48 mánuðir	-2,96%	-9,11%

Fjárfestingastefna

	Lágmark	Hámark
Alheimsskuldabréf	60%	100%
Evrópsk skuldabréf	0%	40%

Markmið

Fjárfesta í skuldabréfum um allan heim.

Alheimssjóður

Meðalársávöxtun

Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	20,29%	14,83%
24 mánuðir	19,82%	12,79%
48 mánuðir	10,37%	3,37%

Fjárfestingastefna

	Lágmark	Hámark
Evrópsk hlutabréf	10%	50%
Amerísk hlutabréf	10%	50%
Japönsk hlutabréf	5%	35%
Hlutabréf í Kyrrahafslöndum	0%	20%

Markmið

Fjárfestingar eru í hlutabréfum stórra sem smárra fyrirtækja um allan heim á flestum stærstu mörkuðunum.

Þróunarsjóður

Meðalársávöxtun

Tímabil

12 mánuðir
24 mánuðir
48 mánuðir

Nafnávöxtun

19,21%
21,27%
9,66%

Raunávöxtun

13,80%
14,15%
2,70%

Fjárfestingastefna

Evrópsk hlutabréf
Evrópsk smáfyrirtæki
Nýmarkaðir
Hlutabréf tæknifyrirtækja

Lágmark

10%
10%
5%
0%

Hámark

50%
50%
35%
20%

Markmið

Fjárfestingar eru að hluta til í evrópskum hlutabréfum og á nýjum vaxandi hlutabréfamörkuðum.

Innlendir sjóðir

Sjóðir í ávöxtun hjá Íslandsbanka.

Blandaður hlutabréfasjóður

Meðalársávöxtun

Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	20,47%	15,00%
24 mánuðir	11,05%	4,54%
48 mánuðir	8,58%	1,69%

Fjárfestingastefna

	Lágmark	Hámark
Erlend hlutabréf Sjóvá	35%	35%
Innlend hlutabréf Sjóvá	65%	65%

Markmið

Aukning eigna til langs tíma með gengishækkun og arði af innlendum og erlendum hlutabréfum. Mikil eignadreifing. Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

Íslensk skuldabréf

Meðalársávöxtun

Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	9,16%	4,20%
24 mánuðir	8,37%	2,01%
48 mánuðir	4,56%	-2,07%

Fjárfestingastefna

	Lágmark	Hámark
Innlán/laust fé	0%	20%
Ríkisskuldabréf	60%	100%
Önnur skuldabréf	0%	20%

Markmið

Markmið sjóðsins er að skila góðri ávöxtun og áhættudreifingu með því að fjárfesta einkum í innlendum skuldabréfum. Allur arður verður endurfjárfestur. Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.

Erlend hlutabréf

Meðalársávöxtun

Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	11,09%	6,06%
24 mánuðir	13,20%	6,56%
48 mánuðir	6,53%	-0,22%

Fjárfestingastefna

	Lágmark	Hámark
Innlán/laust fé	0%	10%
Erlend hlutabréf	90%	100%

Markmið

Markmið sjóðsins er langtímaaukning eigna með gengishagnaði og arði af erlendum hlutabréfum. Eignadreifing er mikil.

Erlendur vaxta sjóður

Meðalársávöxtun

Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	10,40%	5,39%
24 mánuðir	11,83%	5,27%
48 mánuðir	5,93%	-0,79%

Fjárfestingastefna

	Lágmark	Hámark
Innlán/laust fé	0%	10%
Erlend hlutabréf	90%	100%

Markmið

Markmið sjóðsins er langtímaaukning eigna með gengishagnaði og arði af erlendum hlutabréfum. Eignadreifing er mikil.

Ríkissjóður

Meðalársávöxtun

Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	8,33%	3,41%
24 mánuðir	6,97%	0,69%
48 mánuðir	3,26%	-3,29%

Fjárfestingastefna

	Lágmark	Hámark
Ríkisskuldabréf	0%	90%
Innlán/laust fé	0%	10%

Markmið

Ná stöðugri og öruggri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði af innlendum ríkisskuldabréfum.

Hlutabréfasjóður

Meðalársávöxtun

Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
12 mánuðir	19,04%	13,64%
24 mánuðir	4,81%	-1,34%
48 mánuðir	8,82%	1,92%

Fjárfestingastefna

	Lágmark	Hámark
Innlend hlutabréf	90%	100%
Laust fé	0%	10%

Markmið

Langtímaaukning með gengishagnaði og arði af innlendum hlutabréfum.

Innlend verðbréf

Meðalársávöxtun

Tímabil

12 mánuðir

24 mánuðir

48 mánuðir

Nafnávöxtun

11,41%

8,21%

5,57%

Raunávöxtun

6,35%

1,86%

-1,13%

Fjárfestingastefna

Lágmark

Hámark

Innlend hlutabréf

0%

20%

Ríkisskuldabréf

40%

100%

Önnur innl. Skuldabréf

0%

20%

Innlán/laust fé

0%

20%

Markmið

Ná fram eignaaukningu til lengri tíma með vaxtatekjum, gengishagnaði, arðgreiðslum af innlendum ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Mikil eignadreifing. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**

Innláns og ríkisskuldabréfasjóður

Meðalársávöxtun

Tímabil

12 mánuðir

24 mánuðir

48 mánuðir

Nafnávöxtun

8,54%

7,32%

3,53%

Raunávöxtun

3,62%

1,02%

-3,04%

Fjárfestingastefna

Lágmark

Hámark

Innlán

0%

40%

Skuldabréf m. áb. ríkisins

60%

100%

Markmið

Að ná stöðugri ávöxtun með aukningu eigna í vaxtatekjum og gengishagnaði.

Íslensk verðbréf

Meðalársávöxtun

Tímabil

12 mánuðir

24 mánuðir

48 mánuðir

Nafnávöxtun

16,35%

10,63%

6,92%

Raunávöxtun

11,07%

4,13%

0,14%

Fjárfestingastefna

Lágmark

Hámark

Innlend hlutabréf

0%

20%

Ríkisskuldabréf

40%

100%

Önnur innl. Skuldabréf

0%

20%

Innlán/laust fé



0%

20%


Markmið

Ná fram eignaaukningu til lengri tíma með vaxtatekjum, gengishagnaði, arðgreiðslum af innlendum ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Mikil eignadreifing. **Ekki er lengur hægt að fjárfesta í þessum sjóði.**


Erlendir sjóðir – gengisþróun



Innlendir sjóðir – gengisþróun



Lokaðir sjóðir



Tölur í ársyfirliti þessu eru birtar með fyrirvara um innsláttarvillur.

Þú getur fengið nánari upplýsingar um sparnaðarlíftryggingar hjá okkur í síma 440 2000 og á Sjóvá.is.